

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kristján Friðrik Guðmundsson, sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skál fresta og hún niður falla, að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI.kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin. Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlauð skipaðs verjanda sins, hrl. Egils Sigurgeirssonar, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. maí 1947.

Nr. 107/1946. Sveinbjörn Sigurðsson (Sjálfur)
gegn

Einari Guðmundssyni (Enginn).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Landamerkjамál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. ágúst f. á., gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og málinu vísað til landamerkjadóms aftur til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. Svo krefst áfrýjandi og, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir héraðsdómi og hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hendi stefnda var komið fyrir hæstarétt við þingfestingu máls þessa, og þá tóku aðiljar frest, en er málið síðar var tekið til meðferðar í hæstarétti, kom enginn fyrir dóm af hálfu stefnda, og hefur málið því verið rekið skriflega og er dæmt samkvæmt framlögðum skilríkjum, sbr. 38. gr. laga nr. 112/1935.

Áður en dómur gekk í máli þessu í héraði, hefði þurft að gera nákvæman uppdrátt af landi Hólabrekku, og þá eink-

um af þrætulandinu og tilgreina á honum stærð landspíldnanna. Þá hefði og þurft að afla glöggrar greinargerðar og sannana um meðferð ábúenda Hólabrekku á þrætulandinu, hversu þeir hafa notað það og um ræktun þá, er þeir kunna að hafa framkvæmt á því.

Enn hefði verið nauðsynlegt að afla rækilegri skýrslna um það, hvort þurrabúðarlóð Hólabrekku, sem úthlutað var 1914 úr Kirkjubólslandi, var innifalin í þeim 12 dag-sláttum, er seldar voru úr landi Ásgarðs árið 1927. Rétt hefði verið að leggja fram í málinu veðskuldarbréf það, þar sem Búnaðarbanka Íslands var veittur veðréttur í Ásgarði, en bréf þetta var grundvöllur uppboðs þess, er Búnaðarbankinn keypti Ásgarð á.

Þar sem faðir stefnda, sem er ólögfróður maður, kom fyrir landamerkjadóminn af hendi stefnda, þá bar formanni dómsins samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936 að leiðbeina honum um öflun skýrslna. Þetta gerði dómsformaður ekki. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða landamerkjadóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Samkvæmt þessum úrslitum fellur málskostnaður fyrir hæstarétti niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og visast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 24. maí 1946.

Ár 1946, laugardaginn 24. maí, var í landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í réttarsal embættisins í Hafnarfirði af fulltrúa sýslumanns Kristni Ólafssyni sem dómsformanni og meðdómsmönnum Gunnlaugi Jósepssyni og Birni Finnbogasyni, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var í dag.

Með tilkynningu til dómsins, 9. apríl s. l., hefur sækjandinn, Sveinbjörn Sigurðsson, Ásgarði, Miðneshreppi, óskað, að mál þetta yrði höfðað gegn núverandi eiganda Hólabrekku, sama

hreppi, Einari Guðmundssyni, og gerir sækjandinn þær kröfur, að landamerki jarðarinnar Hólabrekku verði ákveðin eftir afsali Ólafs Guðlaugssonar á jörð þessari til Jónasar Bjarnasonar, dags. 30. nóv. 1927 (rskj. 9). Enn fremur gerir hann kröfu til, að sér verði til-dæmdur málskostnaður.

Með verjanda málsins hefur mætt sem meðalgöngumaður Jónas Bjarnason, fyrrv. eigandi Hólabrekku, en hann seldi núverandi eiganda jörð þessa 5. júní 1945.

Af hálfu Hólabrekku hefur verið krafizt, að girðingar, eins og nú eru þær, yrðu látnar ráða, og hefur meðalgöngumaður krafizt sér tildæmdan málskostnað.

Sáttatilaun var árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Árið 1925 fluttist Jónas Bjarnason að Hólabrekku í Miðneshreppi. Fékk hann til að byrja með 4 dagsláttur lands hjá þáverandi eiganda og ábúanda Ásgarðs, Ólafi Guðlaugssyni. Árið 1927 keypti Jónas af Ólafi 12 dagsláttur og fékk afsal fyrir því 30. nóv. 1927.

Eru þar landamerki tiltekin, sem sækjandi máls þessa gerir kröfu til að látin verði ráða milli Hólabrekku og Ásgarðs.

Þegar Jónas ætlaði að fara að girða landið, segir hann, að sér hafi ekki líkað, hvernig Ólafur úthlutaði því, þar sem vinkilbeygja hefði orðið þar á girðingunni, og hann hefði þá farið fram á við Ólaf að fá beina línu milli jarðanna. Varð Ólafur við þessari bön Jónasar og lét hann fá viðbótarland, sem í máli þessu er talið vera um 3 dagsláttur að stærð, en það er sá landskiki, sem ágreiningurinn í málinu snýst um.

Þar sem land þetta hefði verið opin sandflög að neðanverðu, telja þeir Jónas og Ólafur, að hætta hefði getað af stafað vegna uppblásturs og sandfoks á efra landið, og því hefði síðarnefndi látið það til ræktunar. Segja þeir, að girðing hefði þá strax verið sett þarna milli Ásgarðs og Hólabrekku, þar sem hún stendur enn í dag. En sækjandinn, Sveinbjörn Sigurðsson, segir, að girðingin hafi að visu verið komin þarna, þegar hann flutti að Ásgarði með föður sínum 1930, en minnir, eftir því sem honum hefur verið sagt, sett upp á því ári.

Vegna þessara breytinga á stærð landsins, sem gerð var eftir að afsal hafði farið fram, komu þeir sér saman um það, Jónas og Ólafur, að útbúa nýja landamerkjaskrá, sem dagsett er 1. jan. 1928.

Í sumum afritum skrárinnar (en frumritið hefur eigi komið fram) er ártalið 1938, en þeir halda báðir fram, að það sé rangt í staðinn fyrir 1928.

Með afsali, dagsettu 29. apríl 1930, selur Ólafur Guðlaugsson Ásgarð Sigurði Kristjánssyni, föður sækjanda. Um landamerki er sagt, að þau séu ágreiningslaus, en ekki tiltekið nánar, hver þau séu.

Á uppboði, sem fram fór 1. júlí 1933, var jörðin Ásgarður seld

samkvæmt kröfu Landsbanka Íslands, en með gerð, dags. 5. s. m., er Búnaðarbanka Íslands útlögð jarðeign þessi sem ófullnægðum veðhafa. Er þar ekkert getið um landamerki, en jörðin er útlögð með öllu, sem henni fylgir og fylgja ber.

Sigurður bjó þó áfram á jörðinni, en með afsali, dags. 6. júlí 1937, selur Búnaðarbankinn sækjanda þessa máls, Sveinbirni Sigurðssyni, jörðina Ásgarð, og er hann eigandi hennar nú.

Það verður ekki séð, að neinn ágreiningur hafi verið um landamerki Hólabrekku og Ásgarðs, fyrr en þetta mál er höfðað.

Með afsali, dags. 5. júní 1945, selur Jónas Bjarnason Hólabrekku Einari Guðmundssyni. Segir þar, að landið sé 12 dagsláttur að stærð. Það sé afgirt og ráði girðingar landamerkjum.

Nú heldur sækjandinn því fram, að Ólafur Guðlaugsson hefði ekki haft heimild til að láta Jónas Bjarnason fá hið umdeilda viðbótarland, því að það hafi þá verið veðsett Búnaðarbankanum, auk þess hafi ekkert afsal eða skriflegur gerningur farið fram.

Gegn þessu heldur verjandi fram, að girðingin sé búin að standa á þessum stað í tíð allra eigenda Ásgarðs frá Ólafi Guðlaugssyni til sækjanda ágreiningslaust af þeirra hálfu, en eigandi Hólabrekku alia tíð skoðað þrætulandið óátalið sína eign og nytjað það. Þegar salan á Hólabrekku fór fram í fyrravor, voru þar staddir Þorlákur Benediktsson og Guðmundur Einarsson.

Hafa þeir borið og staðfest þann framburð sinn með eiði, að meðan beðið var eftir Jónasi Bjarnasyni til undirskrifta, hafi Þorlákur sagt, að sjálfsagt væri að spyrja næstu nágranna, hvort ágreiningur væri um landamerkin. Kallaði vitnið á Sveinbjörn Síðurðsson, sem þarna var staddur, og gekk hann með þeim vitnum og aðiljum þessa máls að suðurgirðingunni milli Hólabrekku og Ásgarðs. Benti vitnið með girðingunni, og gerði Sveinbjörn engar athugasemdir við, að girðingar væru á réttum landamerkjum, og eins fóru þeir að norðurgirðingunni, og gerði hann ekki heldur athugasemdir við hana. Að vísu kveðst Sveinbjörn hafa sagt, að Hólabrekka hefði meira en 12 dagsláttur innan sinnar girðingar, en ekki töldu vitnin sig hafa heyrt það, þó að Þorlákur teldi, að það gæti verið.

Landamerkjadómurinn lítur svo á, að afhending Ólafs Guðlaugssonar á hinu umþráttaða landsvæði verði að teljast lögformleg, að því athuguðu, að Búnaðarbankinn sem veðhafi hefði getað upphaflega mótmælt, að veðið yrði rýrt, en óbeinlínis leggur á samþykki sitt, þar sem hann eignaðist og á Ásgarð í mörg ár á eftir, en allan þann tíma er land þetta innan girðingar Hólabrekku og nytjað af eiganda hennar óátalið af eiganda Ásgarðs. Hins vegar má benda á, að land þetta var, þegar það er lagt undir Hólabrekku, svo verðlítið, að það gæti engu skipt fyrir veðhafa, þó það væri tekið frá Ásgarði.

Þegar sækjandi þessa máls kaupir landið af bankanum, er honum

allra manna kunnugast um landamerki Ásgarðs, þar sem hann hefur átt þar heima í ein átta ár, og getur hann þá ekki reiknað með að fá í kaupunum land, sem er innan girðingar Hólabrekku og verið alla tíð nytjað af eiganda hennar. Hefði hann þá ætlað að heimta landið undir Ásgarð aftur eða vitað um ágreining um landamerki, þar honum að gera fyrirvara um það, ef hann hugsaði sér síðar að byggja einhvern rétt á því.

Af þessu og öðru, sem upplýst er í málinu, virðist augljóst, að landamerki milli Ásgarðs og Hólabrekku hafa verið ágreiningslaus af hálfu eigenda þessara jarða fram að því, að þetta mál er höfðað.

Með skírskotun til þess, sem hér er ritað að framan, verður niðurstaða réttarins sú, að landamerki milli Ásgarðs og Hólabrekku skuli vera, eins og girðingin hefur staðið, þannig að hið umdeilda landsvæði verði áfram innan girðingar Hólabrekkulands og tilheyri þeirri jörð.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að þóknun til dómara og ferðakostnaður, kr. 800.00, greiðist af stefnanda.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Landamerki milli Ásgarðs og Hólabrekku skal vera girðing sú, sem þar stendur nú, þannig að þrætulandið, ca. 3 dagsláttur, sé innan Hólabrekkulands.

Þóknun til dómara, kr. 800.00, greiðist af sækjanda, Sveinbirni Sigurðssyni, innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Föstudaginn 16. maí 1947.

Nr. 132/1946. **Fiskimjöl h/f** (Hrl. Theódór B. Lindal)

gegn

Fiskimjöl Njarðvík h/f

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson
og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ágreiningur um firmanafn.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 23. sept. f. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 2. október